

Félag lóðarhafa að Kiðjabergi

Ársskýrsla 2021

óundirritað eintak en samþykkt



Skýrsla stjórnar FLK fyrir 2021

Aðalfundur Félags lóðarhafa að Kiðjabergi (FLK) var haldinn 4. júní 2021 þar sem stjórn félagsins var kosin. Í henni eru Snjólfur Ólafsson, formaður, Gunnsteinn Sigurðsson, ritari og Kristín Eysteinsdóttir, gjaldkeri og varamenn eru Hlín Ástþórsdóttir og Bergur Sandholt. Varamenn eru alltaf boðaðir á stjórnarfundum.

Sóttvarnarreglur vegna covid-19 settu að sjálfsögðu svip á starfsemi félagsins. Eins og árið á undan þurfti að fella niður hina árlega góugleði árið 2021. Vegna ástandsins var aðalfundurinn haldinn seinna en lög gera ráð fyrir eða í júníbyrjun, en hann var haldinn í hliðarsalnum í golfskálann þar sem „þröngt mega sátta“ átti svo sannarlega við.

Hinn árlegi vinnudagur GKB (golfklúbbsins) og FLK var haldinn í maí. Einkum var unnið að því bæta umhverfi golfskálans og hann málaður, en auk þess var m.a. rusl tínt af svæðinu og runnar og tré við vegakanta klippt.

Stjórnin vann á tímabilinu að ýmsum málum, bæði reglubundnum störfum og sérstökum verkefnum. Fjármál félagsins eru í góðu horfi. Á árinu var skuldabréf vegna kaupa á vatnsveitunni greitt upp, en það hafði verið á döfinni í nokkur ár en ekki orðið af því fyrr en nú. Seint á árinu kom í ljós, eftir að brotist var inn í golfskálann, að öryggismyndavél þar sem gámarnir voru, hefur ekki virkað í mörg ár. GKB, FLK og Hestur ætla að endurskoða öryggismál á svæðinu, m.a. í og við golfskálann og hefur GKB forystu í því máli.

Á aðalfundi 2019 var samþykkt að hefja endurbætur á þeim vegum í Kiðjabergi sem ekki var lagt bundið slitlag á og vinna það verkefni á 3-4 árum. Þriðji áfanginn var unninn síðsumars 2021 og er nú verkinu lokið að mestu leyti. Ætlunin er að klára það vorið 2022 og síðan halda vegum við eftir því sem þörf er á. Göngu- og golfbílástígarnir tveir voru lagfærðir haustið 2021, en reyndar tókst ekki að ljúka verkinu alveg og á að klára það vorið 2022.

Í undirbúningi er að gera leiksvæði í grennd við gamla Kiðjabergsbæinn og verkfærahús GKB. Kiðjaberg ehf myndi leggja til svæði undir það, FLK standa undir kostnaði við gerð þess og GKB sjá um umhirðu svæðisins. Tilefnið er að fjarlægja þurfti rólur við golfskálann af því þær uppfylltu ekki lengur öryggiskröfur sem gerðar eru til slíkra svæða.

Snjómokstur í Kiðjabergi og Hestlandi er í höndum Baldurs Sigurjónssonar hjá Suðurtaki, en lítið þurfti að moka á árinu 2021.

Snjólfur Ólafsson
Kristín Eysteinsdóttir
Gunnstein Sigurðsson

Ársreikningur fyrir Félag lóðarhafa Kiðjabergi, kt. 510795-2539, fyrir árið 2021

Áritun stjórnar

Stjórn Félags lóðarhafa Kiðjabergi hefur samþykkt ársreikning félagsins
árið 2021

Mars 2022

Snjólfur Ólafsson

Kristín Eysteinsdóttir

Gunnsteinn Sigurðsson

Áritun skoðunarmanns

Ég hef farið yfir ársreikning Félags lóðarhafa Kiðjabergi og geri engar
athugasemdir við reikninginn

Mars 2022

Hjörleifur B. Kvaran

Félag Lóðarhafa Kiðjabergi

Rekstrarreikningur 2021

Tekjur	2021	2020	2019
Lóðir með vatni		4.257.000	4.515.000
Lóðir án vatns		850.000	1.020.000
Allar lóðir (u.þ.b. 10 án vatns)	6.363.389	5.107.000	5.535.000
Vaxtatekjur	54.776	121.928	442.772
Innheimtutekjur		41.411	147.784
Ýmsar tekjur	15.401	14.635	
Leiðrétting vegna vatnsveitu (skýring 1)	1.381.901		
Heildartekjur	7.815.467	5.284.974	11.660.556
Gjöld	2021	2020	2019
Bankakostnaður	17.275	37.854	13.282
Fjármagnstekjuskattur	12.051	26.824	97.410
Góugleði		27.113	26.438
Eftirlitsgjald Heilb.Selfoss/ Vatnsveita	28.351	29.250	
V. Aðlfundar þjónusta, veitingar, salur			
Kostnaður vegna vinnudags, veitingar			
Jónsmessa tónlist			70.000
Landsamband sumarhúsaeigenda	180.000	150.000	150.000
Lögfræðiþjónusta Motus			29.468
Prennþylki, pappir+ endursk		5.600	
Rafmagn vegna vatnsdælu		1.127.218	
Viðhald Vatnsdælu			38.725
Klöpapur (ofgreitt)	186.832		
Rarik Orkusalan vegna myndavélar	48.888	33.166	46.321
Snjómokstur Stuðlar	358.185	1.306.960	675.800
Lagfæringar á vegum og stígum (skýring 2)	256.672	4.543.712	2.797.398
Ýmislegt-merking		121.331	
Vatnsveita: verðbætur		422.078	407.760
Afskriftir 5%	750.000	750.000	750.000
Heildargjöld	1.838.254	8.581.106	5.102.602
Tekjur umfram gjöld	5.977.213	-3.296.132	6.557.954

Skýring 1. Skuld vegna vatnsveitu var greidd upp á árinu. Lokagreiðsla var lægri en við var búist. Ástæðan er að á undanförunum árum hefur margt verið óljóst varðandi útreikninga á verðbótum. Nú er vatnsveitan að fullu greidd og málinu lokið með þessari leiðréttingu.

Skýring 2. Á árinu 2021 voru vegir lagfærðir fyrir um 3,5 m.kr. og reikningur fyrir því mun berast á árinu 2022. Einnig voru golf- og göngustígar lagfærðir 2021 en rukkað fyrir það 2022.

Félag Ióðarhafa Kiðjabergi
Efnahagsreikningur 31.12.2021

Eignir	2021	2020	2019
Vatnsveita	8.684.416	9.434.416	10.184.416
Bankareikningur / vegasjóður	578.143	576.639	574.482
Bankareikningur / árgjald (skýring 3)	14.009.278	12.697.291	16.676.838
Veltureikningur	90.989	87.739	2.069.009
Útistandandi árgjald			0
Eignir alls	23.362.826	22.796.085	29.504.745
Skuldir og eigið fé			
Skuldabréf M.H.	-	5.410.472	6.923.000
- v/gjalddaga 2019			1.900.000
Skuldir alls	-	5.410.472	8.823.000
Eigið fé 01.01.2021	17.385.613	20.681.745	19.658.791
Tekjur umfram gjöld	5.977.213	- 3.296.132	1.022.954
Eigið fé alls	23.362.826	17.385.613	20.681.745
Skuldir og eigið fé samtals	23.362.826	22.796.085	29.504.745

Skýring 3. Þessa háu tölu ber að skoða í ljósi þess að ýmislegt er ógreitt sem eðlilegt hefði verið að greiða árið 2021, en var ekki gert af því ekki bærust reikningar fyrir því. Hæsta upphæðin er vegna lagfæringa á vegum, en auk þess vegna lagfæringa á stígum og rafmagns vegna vatnsdælu.